

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 13. febrúar 2007 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Tillögur til NV-nefndar

Fyrir fundinum lágu þær tillögur og hugmyndir sem sendar hafa verið til nefndar um atvinnu- og samfélag á Norðurlandi vestra. Tillögurnar varða atvinnu-, menningar-, mennta- og samgöngumál. Umræður urðu um umsóknirnar en ekki gerðar frekari ályktanir en þar koma fram.

2. Bréf:

a) SSNV, dags. 10. janúar 2008.

Í bréfinu er fjallað um fyrirkomulag og kostnað vegna veiða á ref og minnk á Norðurlandi vestra. Meðfylgjandi bréfinu var samantekt sem framkvæmdastjóri SSNV hafði gert um málið.

Bréfið og samantektin voru til kynningar og voru ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna þeirra.

b) Ritstjóra Feykis, dags. 25. janúar 2008.

Í bréfinu leitar Guðný Jóhannesdóttir eftir því að sveitarfélögin komi að rekstri blaðsins með stuðningi við útgáfuna svo mögulegt sé að auka þjónustu við sveitarfélögin og svæðið í heild. Afgreiðslu málsins var frestað en sveitarstjóra falið að kanna hvaða grundvöllur sé að samningi um almannatengsl sem rætt er um í bréfinu.

c) Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 28. janúar 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um auka ársþing SSNV sem haldið verður föstudaginn 7. mars 2008 í Skagafirði.

Bréfið var til kynningar.

d) Kjalar, stéttarfélags, dags. 14. janúar 2008.

Með bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið meti starfsreynslu frá ríki til starfsaldurs með sama hætti og starfsaldur hjá sveitarfélögum. Samþykkt að leita álits Launanevndar og kanna afstöðu nágrannasveitarfélaga til málsins áður en ákvörðun verði tekin.

e) Ungmennafélags Íslands, dags. 15. janúar 2008.

Með bréfinu er greint frá því að ákveðið hafi verið að auglýsa eftir umsóknum sambandsaðila um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 13. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2010. Erindið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

f) Menntamálaráðuneytis, dags. 23. janúar 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um dagsetningu samræmdra prófa í 4. og 7. bekk haustið 2008. Bréfið var til kynningar.

g) Norðurlandsskóga, dags. 23. janúar 2008.

Með bréfinu bjóða Norðurlandsskógar sveitarstjórnnum að fá til sín kynningu á stöðu verkefnisins og framtíðaráform.

Bréfið var til kynningar og samþykkt að hafa samráð við önnur sveitarfélög í A-Hún um kynningarfund.

h) Smábátafélagsins Skalla, dags. 18. janúar 2008.

Með bréfinu er kynnt svohljóðandi ályktun sem samþykkt var á almennum fundi félagsins á Sauðárkróki 15. janúar s.l:

“Smábátafélagið Skalli óskar eftir að sveitarstjórnir á félagssvæðinu skori á dómsmálaráðherra að beita áhrifum sínum til að björgunarþyrla verði staðsett á Akureyri”.

Sveitarstjórn samþykkti að taka undir ályktun smábátafélagsins og senda þá áskorun til dómsmálaráðherra.

i) Landsskrifstofu Staðardagskrár 21, dags. 18. janúar 2008.

Með bréfinu er kynnt svokölluð Ólafsvíkuryfirlýsing sem varð til árið 2000 og sveitarstjórnir jafnframt hvattar til að taka yfirlýsinguna til formlegrar umræðu og afgreiðslu.

Meðfylgjandi bréfinu var Ólafsvíkuryfirlýsingin og skrá yfir þær sveitarstjórnir sem hafa samþykkt yfirlýsinguna.

Samþykkt að vísa umfjöllun um yfirlýsinguna til vinnu í tengslum við aðalskipulag þar sem m.a. verður tekin afstaða til staðardagskrár 21.

j) Óbyggðanefndar, dags. 2. janúar 2008.

Í bréfinu er gerð grein fyrir afmörkun á svæði 7 hjá óbyggðanefnd og kröfulýsingafresti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Meðfylgjandi bréfinu voru bréfaskipti vegna málsins milli óbyggðanefndar og fjármálaráðherra.

Bréfið var til kynningar.

3. Fundargerðir

a) Skipulags- og byggingarnefndar, 11.02.2008

Fundargerðin var samþykkt.

- b) Stjórnar Félagsþjónustu A-Hún, 20.12.2008.
Fundargerðin var til kynningar
- c) Menningarráðs Nl. vestra, 24.01.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 29.01.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Samráðshóps um verkefni héraðsnefndar, 29.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Samráðshóps um verkefni héraðsnefndar, 29.11.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Samráðshóps um verkefni héraðsnefndar, 30.01.2008.
Sveitarstjórn ræddi efni fundarins sem gerir ráð fyrir ákveðinni aðferð við endurskipulagningu verkefna héraðsnefndar. Sveitarstjórn samþykkti að áfram verði unnið að málinu eins og það er lagt upp í fundargerðinni.
- h) Héraðsnefndar A-Hún, 3.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Héraðsnefndar A-Hún, 20.12.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 18.01.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- k) Stjórnar SSNV, 8.01.2008.
Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál

- a. Sveitarstjóri lagði til að ráðinn verði atvinnuráðgjafi í 80% starf til þriggja mánaða. Verkefni hans verði m.a. að vinna að markaðsrannsókn ásamt rekstrar og fjárhagsáætlun fyrir hótélrekstur á Skagaströnd en einnig til að annast ráðgjöf og samantektir vegna ýmissa mála sem eru í vinnslu í atvinnu- og ferðamálum.
Samþykkt.
- b. Oddviti fór yfir hvernig hafi verið gengið frá fjárvöslu á eignasafni sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- c. Birna lagði fram tillögu að nýrri gjaldskrá leikskólans Barnabóls. Í henni er gert ráð fyrir 15% lækkun og að grunngjald verði 2.417 kr. Einnig lagt til að systkinaafsláttur gildi milli leikskóla og skóladagheimilis. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁴⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)